

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hólmfríðar Sigurðardóttur og Kristjáns Jónassonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. febr. 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hólmfríðar Sigurðardóttur og  
Kristjáns Jónassonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hólmfríðar Sigurðardóttur og Kristjáns Jónassonar. Er hann stofnaður af dóttur hjónanna, Guðrúnu Kristjánsdóttur, og manni hennar, Kristni Einarssyni, á Draflastöðum í Saurbæjarhreppi.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka menn í Saurbæjarhreppi, er leita þurfa læknishjálpar við sjóndepru, og að gleðja blinda menn í hreppnum.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur.

Sjóðinn má lána út gegn tryggu veði í fasteign.

Það af honum, sem ekki er þannig í útlánnum skal ávaxta í þeim peningastofnunum, er stjórnarnefnd telur best við eiga. Gjöfum og áheitum veitir sjóðurinn móttöku.

### 4. gr.

Við höfuðstól skal leggja hálfu vexti, unz hann er orðinn kr. 10000.00.

Frá 10000.00—20000.00 ber að leggja  $\frac{1}{3}$  vaxta við höfuðstól og eflir það  $\frac{1}{4}$  vaxta. Hinum hluta vaxtanna ber að úthluta samkv. 2. gr. með þeirri undantekningu, sem um ræðir í 6. gr.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, sóknarprestur Saurbæjar- og Grundarþinga, hreppstjóri Saurbæjarhrepps og þriðji maður kosinn til 4 ára í senn af atkvæðisbærum mönnum í Saurbæjarhreppi.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins sér um útlán og innheimtu skulda. Skal hún halda gerðabók, er í skulu ritaðir reikningar sjóðsins og skýrslur um úthlutun styrktarfjár. Enn fremur skal í hana rita allar ákvarðanir sjóðstjórnarinnar.

### 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Þóknun fyrir ritstörf, bækur og ritföng greiðist af vöxtum sjóðsins. Fyrir janúarmánaðarlok ár hvert skal senda sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu reikninginn er lætur endurskoða hann. Skal reikningurinn birtur á þann hátt, er sýslunefnd ákveður.

### 8. gr.

Heimilisfang og varnarþing sjóðsins skal vera í Saurbæjarþinghá.

### 9. gr.

Tilgangi sjóðsins má aldrei breyta.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.